



REACH-skráning, öryggisblöð og merkingar efna og efnablandna

- *Eftirlit hjá fyrirtækjum með
starfsleyfi frá UST*



Inngangur

Samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 er Umhverfisstofnun falið eftirlit með framkvæmd REACH reglugerðarinnar nr. 750/2008 sem innleiðir reglugerð (ESB) nr. 1107/2006, og CLP reglugerðarinnar nr. 415/2014 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Samkvæmt ofangreindum reglugerðum skulu framleiðendur hreinna efna og innflytjendur frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skrá efnin hjá Efnastofnun Evrópu, ef framleiðslan/innflutningurinn er yfir 1 tonn á ári. Auk þess skulu birgjar efna og efnablandna sem flokkast sem hættuleg samkvæmt CLP útbúa fyrir þau öryggisblöð á íslensku. Váhrifasviðsmyndir má leggja fram á ensku. Frá og með 1. júní 2015 skulu bæði efni og efnablöndur flokkaðar og merktar samkvæmt CLP.

Meginmarkmið verkefnisins var að tryggja að fyrirtæki skrái framleiðslu sína og innflutning frá löndum utan EES (hrein efni), að uppfærð öryggisblöð á íslensku séu aðgengileg á vinnustaðnum og að fyrirtækin geti lagt fram váhrifasviðsmynd fyrir hrein efni, ef við á.

Framkvæmd

Farið var í eftirlit með eftirlitsteymi UST í fyrirtæki sem hafa starfsleyfi hjá stofnuninni fyrir mengandi starfsemi. Í upphafi var stefnt að því að fara í 8 fyrirtæki en umfang verkefnisins minnkaði sökum þess að starfsmaður þess hætti störfum í september.

Farið var í eftirlit hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

- Steinull hf., Sauðárkróki
- Prímex ehf., Siglufirði
- Carbon Recycling International ehf., Reykjavík

Í kjölfar eftirlitsins var einnig haft samband við eftirfarandi birgja:

- Olíuverslun Íslands hf., Reykjavík
- Platon ehf., Kópavogi

Tekin var saman eftirlitsskýrsla í kjölfar eftirlits og var hún send ásamt bréfi um niðurstöður eftirlitsins og kröfur um úrbætur, ef þess var þörf. Þegar fyrirtækin höfðu orðið við úrbótum var þeim sent bréf þar sem málslok voru kynnt. Í lok verkefnisins var útbúin samantektarskýrsla og frétt, og hvort tveggja birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Niðurstöður

Kallað var eftir REACH-skráningarnúmerum fyrir tvö efni sem framleidd eru hér á landi og fengust þau bæði afhent. Þau voru síðan sannreynd í gagnabanka Efnastofnunar Evrópu (ECHA).

Kallað var eftir sjö öryggisblöðum og váhrifasviðsmyndum, þegar við átti, fyrir efni og efnablöndur. Athugað var hvort öryggisblöðin væru á íslensku, uppfærð og í 16 liðum. Lögð var megináhersla á 1., 2., 3. og 15. lið öryggisblaðanna. Váhrifasviðsmyndir eiga að tilgreina notkun fyrirtækisins á viðkomandi efni og hvernig skuli nota það á öruggan hátt. Samkvæmt REACH er ekki gerð krafa um að váhrifasviðsmyndir séu á íslensku.

Eitt öryggisblað uppfyllti kröfur REACH-reglugerðarinnar. Gerð var krafa um úrbætur vegna sex öryggisblaða og veittur frestur til úrbóta.

Þau fyrirtæki sem krafín voru um úrbætur afhentu Umhverfisstofnun uppfærð og íslenskuð öryggisblöð innan tilskilins frests.

Lokaorð

Markaðssetningu efna og efnablandna fylgja ýmsar skyldur sem hafa það að markmiði að tryggja örugga meðferð og vernda þannig heilsu fólks og umhverfi. Á bak við REACH-skráningu eru viðamiklar rannsóknir á efninu og eiga helstu niðurstöður þeirra að berast til notandans með öryggisblöðum niður aðfangakeðjuna. Þegar efni eða efnablanda er seld til aðila sem ætlar að nota hana í atvinnuskyni eða selja hana áfram í smásölu þá skal birgir vörunnar láta öryggisblöð fylgja með henni. Hins vegar eiga upplýsingar á merkimiðum umbúða efna og efnablandna að nægja þegar hinn almenni borgari kaupir slíka vöru, enda kaupir hinn almenni borgari mun minna magn en sá sem notar efnavöruna í atvinnuskyni.

Þekking atvinnulífsins á efnalöggjöfinni hefur farið batnandi undanfarin ár. Í þessu eftirlitsverkefni gekk vel að kalla eftir REACH-skráningarnúmerum, og virðist skilningur á mikilvægi þess að leggja fram öryggisblöð sem eru uppfærð og staðfærð hafa aukist. Enda er um afar mikilvægan þátt í ábyrgri markaðssetningu efna og efnablandna að ræða.

25. september 2015. Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir